



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Ráðning í stöðu skólastjóra Fossvogsskóla

Starf skólastjóra Fossvogsskóla var auglýst á vegum Reykjavíkurborgar til umsóknar á vef borgarinnar undir auglýsingum um laus störf og í Fréttablaðinu 10. ágúst 2019 í samræmi við 14.1. gr., um réttindi og skyldur starfsmanna og lífeyrissjóðsaðild, í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og KÍ vegna SÍ. Umsóknarfrestur var til og með 26. ágúst sl. Ráðið er í skólastjórastöðuna frá og með 1. nóvember 2019.

Í auglýsingu var meginhlutverki skólastjóra í Fossvogsskóla lýst þannig:

- Veita skólanum faglega forystu og móta framtíðarstefnu hans innan ramma laga og reglugerða og í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og stefnu Reykjavíkurborgar.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, vinnutilhögun og starfsþróun.
- Bera ábyrgð á samstarfi aðila skólasamfélagsins.

Í auglýsingu um starfið voru eftirfarandi menntunar- og hæfniskröfur gerðar til umsækjenda:

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari.
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynsla á grunnskólastigi.
- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi.
- Stjórnunarhæfileikar.
- Færni í áætlanagerð og fjármálastjórnun.
- Færni til að leita nýrra leiða í skólastarfi og leiða framsækna skólaþróun.
- Lipurð og hæfni í samskiptum.

Í auglýsingu kom einnig fram að leitað væri að einstaklingi sem byggji yfir leiðtogahæfileikum, hefði víðtæka þekkingu á skólastarfi og metnaðarfulla skólasýn. Jafnframt var óskað eftir að umsækjendur skiluðu greinargerð um framtíðarsýn sína á starf í skólanum með umsókninni.

Fjórir sóttu um skólastjórastöðuna. Umsækjendur voru Hrafnkell Tumi Kolbeinsson, Ingibjörg Ýr Pálmadóttir, Svanhildur Kr Sverrisdóttir og Þórdís Sævarsdóttir. Allir fjórir umsækjendur uppfylltu hæfniskröfuna um að vera með leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari og allir fjórir umsækjendur voru boðaðir í viðtal.

Við val á hæfasta umsækjandanum var byggt á kröfum sem komu fram í auglýsingu og í viðmiðum skóla- og frístundaráðs vegna ráðninga skólastjóra við leikskóla og grunnskóla í Reykjavík sem tóku gildi 1. júní 2015.

Niðurstaða:

Á fundi skrifstofustjóra fagskrifstofu grunnskólamála, sviðsstjóra og mannauðsstjóra sem haldinn var 17. september 2019 gerði skrifstofustjóri grein fyrir niðurstöðu ráðningarteymsins.

Við mat á umsóknum, ráðningarviðtali og umsögnum er niðurstaðan að Ingibjörg Ýr Pálmadóttir er hæfasti umsækjandinn til að gegna stöðu skólastjóra við Fossvogsskóla.

Ákvörðun sviðsstjóra er að ráða Ingibjörgu Ýr Pálmadóttur skólastjóra við Fossvogsskóla frá 1. nóvember 2019.

Ingibjörg lauk B.Ed. í grunnskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands 1998, diplóma í sérhæfingu í kennslu yngri barna, lestrarnám frá Háskóla Íslands 2006.

Hún hefur starfað sem sérkennari, deildarstjóri og verkefnastjóri í 5 ár í Fossvogsskóla. Hún kenndi, hélt utan um og stýrði starfi fimm ára deilda við Skóla Ísaks Jónssonar í 14 ár. Hún hefur starfað sem stundakennari við Háskóla Íslands í 3 ár.